

 Jafnréttisstofa

KÁ – VITINN



Kynferðisleg áreitni – vitar fyrir vinnustaði

Dagskrá


- Skilgreiningar
- Birtingarmyndir
- Vinnustaðamenning
- Afleiðingar
- Hvað getur vinnustaðurinn gert?

Kynferðisleg áreitni í núverandi starfi?

- 4%
- 6%
- 8%

Kynferðisleg áreitni í núverandi starfi?

- 8 % í núverandi starfsumhverfi.
- Ein af hverjum þremur konum hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi í starfi eða námi.
- 900 MeToo sögur birtar í tengslum við vinnu-
markaðinn



Skilgreiningar

- Kynferðisleg áreitni
- Kynbundin áreitni
- Kynbundið ofbeldi

Kynferðisleg áreitni

Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna.

Hegðunin getur verið **orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.**

Kynbundin áreitni

Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynbundið ofbeldi

Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjánainga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Birtingarmyndir

- Orðbundið
- Táknrænt
- Líkamlegt

Orðbundið

- Kynbundnar eða kynferðislegar athugasemdir um klæðnað eða útlit einstaklings.
- Óviðeigandi og/eða þrálát boð á stefnumót
- Að láta starfsmann klæðast á kynferðislegan eða kynbundinn hátt við vinnu.
- Þrýstingur um kynferðislega greiða
- Óvelkomin kynferðisleg eða kynbundin stríðni, grín, athugasemdir eða spurningar.
- Persónulegar spurningar um einkalíf eða kynlíf eða að breiða út orðróm um kynferðislega hegðun einstaklings

Táknrænt

- Að hengja upp plaköt, dagatöl eða myndefni sem innihalda kynferðislegt efni eða niðurlægja annað kynið.
- Óvelkomnar kynferðislegar a ugngotur eða önnur hegðun sem gefa eitthvað kynferðislegt til kynna.
- Flauta á eftir einstaklingi
- Sýna eða senda kynferðislegt efni s.s. gegnum SMS, tölvupóst eða samfélagsmiðla.

Líkamlegt

- Nauðgun eða tilraun til kynferðislegs ofbeldis.
- Hrista, slá, sparka, bíta eða rasskella.
- Óvelkomin faðmlög, kossar, klapp eða strokur.
- Að fara inn á persónulegt rými einstaklings, s.s. Með því að halla sér yfir eða króa af enda sé hegðunin óvelkomin.
- Óvelkomin snerting, grip og þukl.

Vinnustaðamenning

- Sýnilegir þættir menningar, t.d. reglur, klæðaburður, skipulag og talsmáti
- Undirliggjandi þættir menningar, t.d. væntingar, viðhorf, tilfinningar og samskiptamynstur
- Hver er ykkar vinnustaðamenning?



Hvað tilheyrir vinnustað?

Hver er gerandi?

skjólstæðingur/viðskiptavinur -> starfsmaður

stjórnandi -> starfsmaður

starfsmaður -> stjórnandi

starfsmaður -> starfsmaður

aðstandandi/gestur -> starfsmaður

starfsmaður -> skjólstæðingur/viðskiptavinur

Horfum á vinnustaðinn út frá fleiri sjónarhornum

#vinnufriður



Salka Sól Eyfeld
@salkadelasol

Vann á veitingastað í RVK fyrir mörgum árum og kokkurinn spurði mig einu sinni hvort bleytan á gólfinu væri úr þíkunni á mér [#vinnufriður](#)

Jan 17, 2019 · Twitter for Android



Kolfinna Tómasdóttir @KolfinnaT · Jan 16

Í afgreiðslustarfi var mér sagt að ef ég klæddist aðeins flegnari bolum yrðu kúnnarnir ánægðari. Ég var 14 ára. [#vinnufriður](#)



4

43



Pétur Örn Gíslason @peturgisla · Jan 17

Þegar ég vann á hótélbar og 50tuga konan sem verslaði af mér rétti mér herbergislykilinn og sagði mér að drífa sig upp til hennar eða hún myndi kvarta í yfirmanninn minn. Eldra íslenskt fólk undir áhrifum er versta sort. [#vinnufriður](#) megum við kk ekki annars taka þátt?



Anna Berglind Jónsd. @annaberglindj · Jan 16

20 ára. Þurfti að láta prenta út gögn fyrir mig í vinnunni. Tveir kk sem sáu um það neita að láta mig fá það sem ég þurfti nema ég snúi mér við og þeir fengju að horfa á mér rassinn fyrst. Ég í sjokki og enda á að gera það. Labba út grátandi. [#vinnufriður](#)



1



185



Afleiðingar

- Samfélagslegar
- Á vinnustaðinn
- Einstaklingsbundnar

Samfélagslegar

- Misrétti
- Kynbundinn launamunur
- Aukin útgjöld vegna velferðarmála
- Heilsugæslu- og lyfjakostnaður
- Lægri verg þjóðarframleiðsla
- Álitshnekkur

Á vinnustaðinn

- Fjarvera og veikindi
- Aukin starfsmannavelta
- Slæmur starfsandi
- Minni hvati
- Bætur og kostnaður s.s. vegna sálfræði- og lögfræðiaðstoðar
- Missir viðskiptavildar
- Skaðleg áhrif á orðspor

Einstaklingsbundnar

- Léleg líkamleg og andleg heilsa
- Streita og þunglyndi
- Lágt sjálfsmat
- Niðurlæging og skömm
- Pirringur og reiði
- Lítil starfsánægja
- Tekjutap

Hvað getur vinnustaðurinn gert?


Sex vitar -> Kávitar



1. KORTLEGGJA



2. SAMSKIPTASÁTTMÁLI



3. VERKLAG UM
TILKYNNINGAR



4. VIÐBRAGÐSÁÆTLUN



5. ÁBYRGÐ
STJÓRNENDA



6. TALA SAMAN



1. KORTLEGGJA

- Ekki má gleyma þessu félagslega
- Áhættumat á að vera á öllum vinnustöðum
- Fyrirbyggjandi aðgerðir
- Hvaða áætlanir eru nú þegar til?



2. SAMSKIPTASÁTTMÁLI

- Auðveldara að taka á málum og setja mörk
- Sameiginleg þolmörk



3. VERKLAG UM TILKYNNINGAR

- Hvert eigið þið að tilkynna ef þið verðið fyrir ofbeldi eða áreitni?
- Aðstæðubundið hvert á tilkynna
- Skýrt og aðgengilegt
- Kynnt öllu starfsfólki



4. VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

- Atvik rannsakað
- Aðstoð við þolendur og gerendur
- Niðurstaða áreitni þá þurfa aðgerðir að vera skýrar
- Viðurlög gagnvart geranda:
 - Áminningarferli
 - Uppsögn ef brot er ítrekað



5. ÁBYRGÐ STJÓRNENDA

- Tryggja heilbrigt starfsumhverfi
- Taka á málum sem kunna að koma upp
- Að áhættumat sé til staðar
- Að verklag og viðbragðsáætlun sé kynnt
- Að starfsfólk sé upplýst
- Að skapa góða liðsheild



6. TALA SAMAN

- KÁ umræðuefni á vinnustaðnum.
- Minna á samskiptasáttmálann, tala um upplifanir, reglulegt þema á fundum.
- Koma í veg fyrir þöggun og að þetta verði hluti af menningunni.
- Ábyrgð allra að stuðla að góðri og öruggri vinnustaðamenningu.

Spurningar

- Hvað eruð þið að gera vel, sem þið gætuð gert meira af?
- Hvað eruð þið að gera núna, sem þið gætuð hætt að gera eða gert minna af?
- Hvers vegna?

Takk fyrir okkur